

Mánudaginn 22. septembermán.

Nr. 22/1902:

Hið opinbera

gegn

Þorvaldi héraðslækni Jónssyni.

D ó m u r:

Með lögregludómi Ísafjarðarkaupstaðar gengnum 23. maímán. þ. á. var hinn kærði, fyrverandi héraðslæknir á Ísafirði Þorvaldur Jónsson dæmdur fyrir ólöglega meðalaverzlun í 25 kr. sekt til bæjarsjóðs Ísafjarðarkaupstaðar og til að greiða allan af málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað. En þessum dómi hefir eftir ósk hins kærða verið áfrýjað til landsyfirdómsins. Kærði er í máli þessu sakaður um að hafa rekið ólöglega meðalaverzlun á Ísafirði, eftir að hann fekk lausn frá héraðslæknisembætti þar í desemberm. 1900, og er það upplýst í málinu í þessu tilliti með játningu kærða, að hann hafi haldið áfram eftir þann tíma að hafa opna lyfjabúð í Ísafjarðarkaupstað og haft þar á boðstólum og selt meðul eigi að eins þeim, sem vitjuðu hans sem lækni, heldur einnig héraðslæknum, bæði héraðslækninum á Ísafirði og öðrum héraðslæknum, og almenningi, eftir því sem hver óskaði og forði var til. Meðul þau, er almenningur þannig hefir fengið keypt í lyfjabúð kærða, hafa sumpart verið látin úti eftir receptum kærða eða annara lækna eða án recepts, og hafa verið seld þannig í lyfjabúðinni öll þau meðul, sem venjulega fáast í lyfjabúðum, svo sem almenn húsmeðul, t. d. hoffmannsdropar, laxerolía,

brjóstdropar, ýmsir plástrar, antifebrin, kinin, þau meðul, sem vísað er til í lækningabókum fyrir almenning og meðul, sem fyrirskipað er, að skip eigi að hafa. Ennfremur hefir verið seldur í lyfjabúðinni spiritus til iðnaðarafnota o. fl. Til afgreiðslu recepta og meðala hefir kærði, þegar hann ekki annast hana sjálfur, mann, sem ekki hefir tekið próf í lyfjafræði og ekki hefir fengist við slíkt fyr en síðastliðið haust, er hann gekk í þjónustu kærða meðfram til að gegna öðrum störfum hjá honum. Lyfjaforða sinn hefir kærði fengið mestmegnis beint frá Kaupmannahöfn, frá materialistum þar, fyrir milligöngu lyfsalans í Stykkishólmi, sem hann hefir borgað vissa upphæð á ári fyrir að mega þanta þaðan meðul í hans nafni, og hafa reikningarnir fyrir meðulin verið stilaðir upp á þann lyfsala. Meðalaverzlun kærða hefir eftir skýrslu hans numið árið 1901 rúmum 400 kr. á mánuði að meðaltali, en síðan, þangað til mál þetta hófst, tæpum 100 kr. á mánuði. Kærði hefir eigi sérstakt leyfisbréf til lyfjasölu, en hann hefir haldið því fram, að hann hafi, einnig eftir að hann slepti héraðslæknisembættinu, heimild til sem praktíserandi læknir að verzla með meðul á þann hátt, sem hann hefir gjört og lýst hefir verið hér að framan.

Samkvæmt gildandi lögum, einkum tilsk. 4. des. 1672 og instrúxum fyrir landlækni og héraðslækna 25. febr. 1824, hafa lyfsalar einkarétt til meðalaverzlnar á Íslandi, og frá þeim einkarétti er engin undanþága gjörð, nema að því leyti hér-

aðslæknum er í 18. gr. sbr. 16. gr. í instrúxi þeirra, 25. febr 1824, gjört að skyldu (og veittur réttur til) að hafa til sölu ekki nánar tilteknar meðalabirgðir, þar sem engin lyfjabúð er í umdæmi þeirra, en þeir eiga að kaupa meðalabirgðir þessar í lyfjabúð hér á landi. Hins vegar er praktiserandi læknum embættislausum hvergi í lögum eða lagafyrirmælum heimiladur neinn réttur til meðalaverzlnar, en það er aðeins gjört ráð fyrir því, sbr. tilsk. 4. des. 1672, 27. gr., instr. fyrir landlækni 25. febr. 1824, 19. gr., kans.br. 9. marz 1841, og víðar, að þeir megi hafa undir hendi meðul keypt í lyfjabúðum hér á landi, til að láta úti handa sjúklingum þeim, er leita þeirra sem lækna, og þessi heimild þeirra til að láta úti meðul er auk þess mjög takmörkuð, þar sem lyfjabúð er í héraðinu, sbr. instr. fyrir landlækni, 19. gr. Medalasala kærða, sem nú, síðan hann lét af læknisembætti, er að skoða sem annan praktiserandi læknir, fer þannig langt fram yfir heimild þá, er hann sem slíkur getur að lögum álitist hafa haft til að láta úti meðul til manna, og verður sala þessi að teljast ólögleg meðalaverzln. Það réttlætir eigi þessa meðalaverzln kærða, þó að hann hafi haft töluverðar meðalabirgðir, sem hann þurfti að koma af sér, því að bæði hefir hann útvegað sér birgðir þessar að mestu leyti eftir að hann lét af embætti, og auk þess hefir núverandi héraðslæknir bodist til að kaupa þær af honum.

Samkvæmt því, sem tekið hefir verið fram, verður að fallast á það, að kærði er með hinum

áfrýjaða dómi dæmdur sekur um óleyfilega meðalaverzlun, og þykir sekt sú, sem ákveðin er í lögregluréttardóminum, hæfilega ákveðin samkvæmt kgsbr. 17. jan. 1783, sbr. kansbr. 16. sept. 1797, 25 krónur, er renni í bæjarsjóð Ísafjarðarkaupstaðar. Málskostnaðarákvæði dómsins samþykkjast einnig, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm í öllum greinum. Hinum kærða ber og að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskaður. Kærði Þorvaldur fyrrum héraðslæknir Jónsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálafutningsmannanna Einars Benedikts-sonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd sekt greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.